



Sveitarstjórn Langanesbyggðar
Langanesvegi 2
680 Þórshöfn

Dagsetning
Málsnúmer

1. október 2024
IRN24010001

Ársreikningur 2023

Í VIII. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og hlutverk eftirlitsnefndar. 79. gr. laganna kveður á um að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum.

Þrátt fyrir að bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem fram kemur að sveitarstjórn sé heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu út árið 2025 vill EFS benda sveitarstjórn á að árið 2026 þarf að uppfylla framangreind skilyrði. Jafnframt er bent á að önnur lágmarksviðmið nefndarinnar um fjármál sveitarfélaga eru í fullu gildi.

Með hliðsjón af ofangreindu hefur EFS nú yfirfarið ársreikning Langanesbyggðar fyrir árið 2023 ásamt skýrslu endurskoðanda. Samkvæmt ársreikningnum uppfyllir sveitarfélagið ekki lágmarksviðmið EFS líkt og sjá má rauðlitað í neðangreindri töflu.

Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga (vikið úr gildi út árið 2025)

Mælikvarði	Viðmið	Ársreikningur 2023
Jafnvægisregla (m.kr.)	> 0	196
Skuldaviðmið skv. reglugerð	< 150%	52%

Önnur viðmið eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (A-hluti)

Mælikvarði	Viðmið	Ársreikningur 2023
Rekstrarniðurstaða 2023 (m.kr.)	> 0	66
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við rekstrartekjur ¹	> 3,6%	16,2%
Framlegð í hlutfalli við rekstrartekjur ²	> 7,2%	17,7%
Skuldahlutfall A-hluta	<100%	102,8%

¹Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélga miðar við að veltufé frá rekstri sé að lágmarki 5% af skuldum skv. skuldaviðmiði A-hluta

²Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga miðar við að framlegð sé að lágmarki 10% af skuldum skv. skuldaviðmiði A-hluta

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á það við sveitarstjórn að nú þegar verði leitað leiða til þess að uppfylla lágmarksviðmið nefndarinnar.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags og skal gera EFS viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í öefni. Sveitarstjórn er jafnframt hvött til þess að hafa samband við EFS óski hún eftir upplýsingum eða leiðbeiningum.

Eftirlitsnefndin óskar eftir að bréfið verði lagt fyrir í sveitarstjórn til kynningar og þess getið í fundargerð.

F.h. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson, formaður

Árni Sverrir Hafsteinsson